REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°15'N – 19°37'V
2. 67°02'N – 19°37'V
3. 67°02'N – 19°50'V
4. 67°05'N – 19°50'V
5. 67°05'N – 21°10'V
6. 67°10'N – 21°10'V
7. 67°15'N – 20°50'V

2. Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°03'N – 18°34'V
2. 67°03'N – 18°20'V
3. 66°53'N – 18°20'V
4. 66°53'N – 18°34'V

3. Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 66°49'N – 19°20'V
2. 66°49'N – 19°12'V
3. 66°36'N – 19°12'V
4. 66°36'N – 19°20'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 4. desember 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 439, 1. nóvember 1993, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi með áorðnum breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.